

Þessu svarar dómsmálastjórnin á þá leið, að eins og það er vafalaust samkvæmt því sem fyrir er mælt í 8. grein í lög-
unum 21. marzmán. 1855, að verzlunarfulltrúunum ber gjald
þetta af þeim dönskum skipum, sem fara frá útlöndum til Fær-
eyja, eins hlýtur dómsmálastjórnin af ástæðum þeim, sem til-
greindar eru í bréfi hëðan til utanríkisstjórnarinnar dagsettu 6.
maímán. 1858¹, enn sem fyr að vera á því máli, að sama sè
um þau dönsk skip, sem fara úr utanríkishöfnum til Íslands.

1865.
24. júní.

**45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun fyrir skápa handa forn-
gripasafninu í Reykjavík.**

1. júlí.

Í bréfi dags. 20. febrúarmán. þ. á. hafið þér, herra stipt-
amtmaður, skýrt frá, að þér 31. desembermán. 1863 og 15.
desembermán. f. á. hafið, í von um samþykki stjórnarráðsins,
látið borga Jóni biskupsskrifara Árnasyni og Sigurði málara Guð-
mundssyni í fyrra skiptið 10 rd. og í seinna skiptið 14 rd.
40 sk. af fè því, sem veitt er í fjárhagslögnum fyrir þessi ár til
óvissra gjalda handa Íslandi, til þess að kaupa fyrir glerskápa
og fleira handa forngripasafni því, sem þeir hafa stofnað, og
hafið þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til gjalda þessara.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbein-
ingar, að stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, lætur útborgun
þessa standa óraskaða, en framvegis má ekki greiða nein þess-
konar gjöld úr ríkissjóðnum.

**46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
vesturumdæminu, um kornlán af sveit.**

3. júlí.

Frá P. Böving, sýslumanni í Snæfellsnessýslu, hefir stjórnar-
ráðinu beina leið borizt bréf; spyr hann um, hvort skoða eigi

¹) Smbr. Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I, 214.